

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2017-2018

ÁRSREIKNINGUR 2017



Skýrsla Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2018

Stjórn Landgræðslusjóðs

Á s.l. ári voru gerðar breytingar á skipulagsskrá Landgræðslusjóðs og hlutu þær staðfestingu aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2017. Megin breytingin laut að kjöri stjórnar, en í stað þess að þrír stjórnarmenn sjóðsins komi úr aðalstjórn SÍ, eins og verið hafði um árábil, koma tveir þaðan en aðalfundur SÍ kýs einn. Á aðalfundinum í fyrra var Lydía Rafnsdóttir kjörin í stjórn sjóðsins til eins árs og Gísli Eiríksson til vara. Síðan skipaði stjórn SÍ Þuríði Yngvadóttur og Guðbrand Brynjúlfsson í stjórnina. Að auki eru svo Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri í stjórn sjóðsins. Á fyrsta fundi hennar í byrjun vetrar var verkum skipt og Guðbrandur kjörinn formaður og Þröstur varaformaður. Guðbrandur annaðist framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn eins og undanfarin ár.

Ársreikningur

Helztu lykiltölur úr ársreikningi fyrir árið 2017 eru þær að rekstrartekjur voru kr. 1,8 millj. og rekstrargjöld kr. 12,8 millj. Þar af voru útgreiddir styrkir tæpar 9,2 millj. sem skiptist þannig að styrkir skv. skipulagsskrá sjóðsins voru um kr. 5,8 millj. og af arfi eftir Hjálmar R.

Bárðarson og Else S. Bárðarson konu hans um kr. 3,3 millj. Viðhald og rekstur fasteigna kostaði kr. 1,7 millj. og annar rekstrarkostnaður var 1,9 millj. kr.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 17,8 millj. kr. og rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 6,8 millj. króna. Er hér um verulegan bata að ræða frá árinu 2016, en þá var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 19,9 millj.

Eignir Landgræðslusjóðs í árslok 2017 voru kr. 378,5 millj. og skuldir 604 þús. Eigið fé sjóðsins hækkaði um tæpar 10 millj. kr. frá 2016.

Tekjur Fræbanka Landgræðslusjóðs voru fjármagnstekjur að fjárhæð kr. 234 þús. og eign í árslok kr. 5,2 millj. Engar fjárveitingar voru úr Fræbankanum á árinu.

Ársreikningur sjóðsins fylgir með fundargögnum þessa aðalfundar og vísast til hans varðandi ýtarlegri upplýsingar um fjármál sjóðsins.

Ávöxtun fjármuna

Fjármunir Landgræðslusjóðs eru nær allir í eignastýringu hjá Arionbanka eins og mörg undangengin ár. Nafnávöxtun var 5,96% á árinu og raunávöxtun 4,23%, sem verður að teljast vel viðunandi. All miklar sveiflur voru á fjármálamörkuðum á árinu, sérstaklega hvað varðar gengi hlutabréfa í nokkrum félögum. Það sem af er yfirstandandi ári hefur markaðurinn einnig einkennst af miklum sveiflum og ávöxtunin er lítil, en seinustu fjórir mánuðir ársins geta ráðið úrslitum, rétt eins og í fyrra. Svo virðist sem spákaupmennska ráði orðið för margra á þessum markaði, en henni fylgja óhjákvæmilega miklar sveiflur.

Úthlutun styrkja skv. skipulagsskrá

Í febrúar s.l. var öllum skógræktarfélögum í landinu sent bréf með boði um að senda umsóknir um framkvæmdastyrki til Landgræðslusjóðs.

Alls bárust 18 umsóknir frá 13 skógræktarfélögum og tvær að auki frá öðrum aðilum. Samanlagðar fjárhæðir umsóknanna voru 32,7 millj. kr. en sjóðurinn hafði 9,2 millj. til úthlutunar skv. skipulagsskrá og 400 þús. voru veittar í styrk úr Fræbankanum. Frá árinu 2002, þegar núverandi rekstrarfyrirkomulag á Landgræðslusjóði var tekið upp, hefur samanlagt verið veitt styrkjum að fjárhæð 134,6 millj. kr. Megin hluti styrkjanna hefur runnið til héraðsskógræktarfélaganna í landinu, eins og skipulagsskrá sjóðsins gerir reyndar ráð fyrir.

Styrkveitingar, sem ekki eiga sér stoð í skipulagsskrá Landgræðslusjóðs, hafa á undanförnum árum verið af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else S. Bárðarson. Þeir fjármunir eru nú á protum og seinasta úthlutun af arfsfénu er á þessu ári, kr. 500 þús. til hvers af þeim fjórum landgræðsluskógasvæðum sem stuðnings hafa notið á undanförnum árum. Stjórn Landgræðslusjóðs heimsótti öll ræktunarsvæðin s.l. haust til að sjá með eigin augum hver árangur hefur orðið af gróðursetningum. Á Ássandi í Kelduhverfi er árangur sæmilegur, í Þjórsárdal mjög góður, frábær við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði, en fremur slakur á Langahrygg í Mosfellsdal. Líta verður þó til þess að það er yngsta svæðið og þar af leiðandi erfiðara að meta árangur þar en á hinum eldri. Langihryggur er mjög áveðurs og því erfiður til ræktunar, en við höfum trú á að með þrautseigju megi það takast. T.d. voru margar stafafuruplöntur furðu stæðilegar þar á berangrinum.

Frá árinu 2011, sem er fyrsta árið sem úthlutað er af arfinum eftir Hjálmar og Else, hefur samtals verið varið 70,6 milljónum króna til framangreindra landgræðsluskógasvæða. Þeim hjónum voru reistir minnisvarðar á þeim öllum og munu þeir, ásamt þeim skógum sem þar eru að vaxa upp, halda minningu þeirra á lofti um ókomna tíð.

Minningarsjóður Hjálmars og Else Bárðarson auglýsti eftir umsóknum um styrki til rannsóknaverkefna í des. s.l. Árið 2018 er áttunda árið af tíu sem sjóðurinn mun starfa. Þrjár umsóknir bárust sjóðnum og fengu þær allar fyrirgreiðslu. Samtals var úthlutað tæpum fimm millj. króna. Þessi verkefni eru eftirfarandi:

1. Samræktun alaskaaspar og alaskalúpínu til framleiðslu iðnvíðar og bindingar kolefnis.

Verkefni þetta er á vegum Skógræktarinnar undir stjórn Hreins Óskarssonar og er þetta þriðja árið sem það fær styrk. Styrkfjárhæð að þessu sinni er kr. 2.250 þús.

2. Áhrif ertuyglubeitar á mismunandi trjátegundir.

Þetta verkefni er á vegum Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá undir stjórn Brynju Hrafnkelsdóttur. Verkefnið fékk úthlutað kr. 974 þús.

3. Aðgerðaáætlun um lúpínu í landi Húsavíkur, -samstarfs- og tilraunaverkefni.

Verkefnið er á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðsluna og sveitarfélagið Norðurþing. Verkefnið er undir stjórn Elke Christine Wald. Styrkfjárhæð er kr. 1.772 þús.

Vangaveltur

Það er öllum, einstaklingum, fyrirtækjum, félögum og stofnunum, ekki aðeins hollt heldur nauðsynlegt að staldra við af og til, líta yfir farinn veg og meta hvað áunnist hefur af fyrirætlunum og markmiðum og hvort rétt sé að breyta um stefnu, setja sér ný eða breytt markmið. Á s.l. ári fór stjórn Landgræðslusjóðs vandlega yfir bæði skipulagsskrá sjóðsins og reglur um úthlutanir styrkja. Skipulagsskránni var breytt lítillega eins og getið er um hér í upphafi þessarar skýrslu og smávægileg breyting var gerð á úthlutunarreglunum. En í öllum meginráttum var stjórnin sátt við þá stefnu sem mörkuð var með nýrri skipulagsskrá frá árinu 2001 og þeim reglum um styrkúthlutanir sem þá voru samdar. En endurskoðanir af þessu tagi eru eilífðarverkefni, eðli máls samkvæmt. Allt tekur breytingum í tímans rás með vaxandi hraða í nútíma og við þeim breytingum verður að bregðast með aðlögunum sem byggja á nýjum viðhorfum og markmiðum. Landgræðslusjóði er skv. skipulagsskrá hans fyrst og fremst ætlað að styðja með fjárstuðningi við verkefni á vegum héraðs-skógræktarfélaganna í landinu. Félögin eru um 60 talsins, en eins og fram kom hér framar sóttu einungis 13 um styrk til sjóðsins í ár. Þetta veldur vissum áhyggjum, vegna þess að framkvæmdaþörf og um leið fjárþörf félaganna er mun meiri og víðtækari en framangreindar umsóknir gefa til kynna. Svo virðist sem skógræktarfélagshreyfingin, eða að minnsta kosti all nokkur hluti hennar, líði um þessar mundir fyrir félagslega deyfð og meðalaldur félagsmanna fer hækkandi. Við þessu þarf að bregðast svo lengi sem við trúum því að hreyfing af þessu tagi sé gagnleg landi og þjóð. Stjórn Skógræktarfélags Íslands, ásamt starfsmönnum, hefur frá seinasta aðalfundi unnið að endurskoðun á stefnumótun fyrir félagið. Vonandi verður hún til að blása nýju lífi í starfsemi hreyfingarinnar allrar. Ennþá höfum við Íslendingar ekki náð nema brota broti af markmiðum skógræktar- og landgræðslufólks um að klæða landið skógi og öðrum gróðri. Þrátt fyrir mikilvæga sigra á undanförunum áratugum er Ísland samt sem áður, þegar á heildina er litið, eins og tötrum klædd vera. Framundan, sem hingað til, er því verk að vinna fyrir allar vinnufúsar „grænar“ hendur. Og Landgræðslusjóður hefur hlutverki að gegna svo lengi sem fullur sigur er ekki unninn í endurheimt þeirra landgæða sem á Íslandi voru fyrir margt löngu síðan og geta verið um alla framtíð, sé hóflegri og skynsamlegri landnýtingu beitt.

Ég vil að lokum, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum í landinu kærar þakkir fyrir samskiptin á starfsárinu, svo og stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands, Skógræktinni, Landgræðslu ríkisins og öllum þeim öðrum sem sjóðurinn hefur átt samstarf og samskipti við. Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2018 óska ég velfarnaðar.

Brúarlandi, Mýrum 21. ágúst árið 2018
Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður
Ársreikningur 2017

Númer í sjóðaskrá 1401

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Fylgiskjöl:	
1. Yfirlit um fræbanka	11

Skýrsla og áritun stjórnar

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur umfram gjöld á árinu 6,8 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi nam 377,9 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greidda þóknun og ökutækjastyrk til að mæta ferðakostnaði.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2017 með undirritun sinni.


Reykjavík, / 2018.

Í stjórn:




Guðbrandur Bynjúlffsson

kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes




Þröstur Eysteinnsson

kt. 230855-5019 Höfða, 701 Egilsstaðir




Lydja Rafnsdóttir

kt. 291160-2129 Háarífi 15 Rífi, 360 Hellissandur



Árni Bragason

kt. 150753-4229 Gunnarsholti, 851 Hella



Þuríður Yngvadóttir

kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:

Guðbrandur Bynjúlffsson

Brúarlandi

311 Borgarnes

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landgræðslusjóðs („sjóðinn“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2017 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfann.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 2018.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur:			
Styrkir og gjafir		14.500	36.000
Húsaleigutekjur		881.306	880.670
Tekjur af eignarhlutum		189.000	63.000
Bóksala		700.000	225.000
		<u>1.784.806</u>	<u>1.204.670</u>
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		5.820.408	15.332.397
Aðrar styrkveitningar		3.340.379	6.938.613
Kostnaður vegna fasteigna	5	1.759.197	633.598
Annar kostnaður	6	1.895.577	2.018.052
		<u>12.815.561</u>	<u>24.922.660</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði	(	<u>11.030.755)</u>	<u>(23.717.990)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		18.432.290	6.167.833
Breyting á gengi hlutabréfa		991.448	0
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(	15.619)	(15.459)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(	1.557.966)	(2.341.591)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>17.850.153</u>	<u>3.810.783</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u><u>6.819.398</u></u>	<u><u>(19.907.207)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Fasteignir.....	2,7,8	39.312.750	35.769.000
Eignarhlutir í félögum.....	9	42.439.421	39.274.785
Verðbréfaeign.....	9	293.890.958	287.352.539
Fastafjármunir alls		<u>375.643.129</u>	<u>362.396.324</u>
Ymsar skammtímakröfur		2.541.322	2.057.522
Handbært fé.....		306.417	3.773.552
Veltufjármunir alls		<u>2.847.739</u>	<u>5.831.074</u>
Eignir samtals		<u><u>378.490.868</u></u>	<u><u>368.227.398</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....		377.887.038	367.523.890
Eigið fé samtals	10	<u>377.887.038</u>	<u>367.523.890</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir.....		603.830	703.508
Skuldir samtals		<u>603.830</u>	<u>703.508</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>378.490.868</u></u>	<u><u>368.227.398</u></u>
Skuldbindingar utan efnahags	11		

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	10	6.819.398	(19.907.207)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		(12.002.546)	4.434.055
Veltufé til rekstrar		(5.183.148)	(15.473.152)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(483.800)	323.424
Skammtímaskuldir, lækkun		(99.678)	(227.617)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(583.478)	95.807
Handbært fé til rekstrar		(5.766.626)	(15.377.345)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Verðbréf, breyting		2.299.491	18.373.665
Fjárfestingarhreyfingar		2.299.491	18.373.665
Breyting á handbæru fé		(3.467.135)	2.996.320
Handbært fé í ársbyrjun		3.773.552	777.232
Handbært fé í árslok		306.417	3.773.552

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig

	2017	2016
Viðhald og rekstur húsnæðis	1.199.348	155.417
Fasteignagjöld	532.092	451.484
Tryggingar	27.757	26.697
	<u>1.759.197</u>	<u>633.598</u>

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig

Laun	400.000	400.000
Launatengd gjöld	79.831	69.674
Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur	27.092	130.299
Ökutækjastyrkur	129.800	79.200
Eignarstýringar- og fjárvörsluþóknun	558.402	627.638
Aðkeypt þjónusta	526.932	528.457
Annar kostnaður	173.520	182.784
	<u>1.895.577</u>	<u>2.018.052</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2017.....	21.800.000	8.209.000	5.760.000	35.769.000
Breyting fasteignamats.....	2.375.000	686.750	482.000	3.543.750
Bókfært verð 31.12.2017.....	<u>24.175.000</u>	<u>8.895.750</u>	<u>6.242.000</u>	<u>39.312.750</u>

Skýringar, frh.:

8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 31,8 millj. kr., hlunninda 1,3 millj. kr. og lóða 6,2 millj. kr. í árslok 2017. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 59,5 millj. kr.

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	2017	2016
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	34.792.188	34.792.188
Skráð verðbréf	259.098.770	252.560.351
Verðbréfaeign samtals 31.12.2017	293.890.958	287.352.539
Hlutabréf	42.439.421	39.274.785
Hlutabréf samtals 31.12.2017	42.439.421	39.274.785

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning

	2017	2016
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	367.523.890	383.471.597
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	3.543.750	3.959.500
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	6.819.398	(19.907.207)
Eiginfjárreikningur í árslok	377.887.038	367.523.890

11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 8,9 millj. kr. í árslok 2017. Styrkirnir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefninsins og kostnað.

12. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

13. Skuldbinding vegna fjármagnstekna

Skuldbinding vegna fjármagnstekna myndast vegna þess að verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði en fjármagnstekjuskattur greiðist við innlausn verðbréfanna sem 20% af mismun söliverðs og stofnverðs. Skuldbindingin nam samtals 10,2 millj. kr. í árslok 2017.

14. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2017. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans um 5,2 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Rekstraryfirlit ársins 2017

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur	3.185
Breyting á gengi sjóða.....	241.744
Eignastýringarþóknun.....	(10.108)
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(630)
	<u>234.191</u>

Rekstrarniðurstaða ársins	<u>234.191</u>
--	----------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir:

Verðbréfaeign.....	5.103.583
Bankainnstæður	<u>81.127</u>
Eignir samtals	<u><u>5.184.710</u></u>

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	4.950.519
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>234.191</u>
Eigið fé samtals	<u><u>5.184.710</u></u>